



Vestfjarðastofa

Alþingi

Umhverfis og samgöngunefnd

sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Ísafirði 17. mars 2023

Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi frumvarp til laga um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir (san.félagsvegir), 485. mál.

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga ritar þessa umsögn.

Hlutfall tengivega af samgöngukerfis á Vestfjörðum er hátt og talið það næst hæsta miðað við aðra landshluta. Meginhluti tengivega á Vestfjörðum eru malarvegir sem lagðir voru á sínum tíma (50 – 80 ár) til að tengja þéttbýli við nærsveitir í að veita þjónustu við landbúnað (sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu), lítilsháttar sjávarútveg og hlunnindanýtingu. Með fækkun íbúa í sveitum og fækkun býla hefur umferð dregist mikið saman er tengist þjónustu og aðdrætti. Breytt aldurssamsetning með fækkun í yngstu aldursflokkum hefur einnig dregið úr þörf á skólaakstri. Telja verður að þessi þróun hafi haft áhrif á að dregið hefur úr viðhaldi og endurnýjun tengivega, en ástand þeirra er slæmt samkvæmt öryggisúttekt sem unnin hefur verið fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Mikilvægi tengivega hefur hinsvegar aukist á ný á síðustu árum. Þar er leiðandi þáttur efling ferðaþjónustu með þróun áfangastaða m.a. stækkun friðlanda, auknu gistirými og fjölbreyttri afþreyingu. Einnig tækifæri sem fylgja uppbyggingu annarra innviða s.s. með lagningu ljósleiðar á nær öll lögbýli og þrífösun dreifikerfis. Þessi uppbygging gefur ný tækifæri fyrir þróun atvinnu og byggðar og því mikilvægt að þá haldist þá í hendur áhersla á bætt gæði tengivega með lagningu á bundnu slitlagi, endurnýjun burðarlags, bætt öryggi vegfarenda með góðum fjarskiptum, uppsetningu vegriða og síðast en ekki síst góðri vetrarþjónustu.

Með núverandi fjármagni mun þessi uppbygging taka langan tíma og þörf á að auka það verulega. Ef ekki þá liggur samt fyrir að auka þarf við viðhald tengivega með malarslitlagi og bæta öryggi vegfarenda sem hér að framan er lýst.

Skilja má efni frumvarpsins á þann veg að það hafi að meginmarkmiðið að brjótast út úr þeirri herkví, að tengivegaverkefni væru langt um umfangsmeiri en núverandi fjármagn tengivega myndi ráða við, horft fleiri áratugi fram í tímann og heldur samfélögum og atvinnulífi hreint og klárt niðri. Breyting sem hér er lögð til við lög um samvinnuverkefni í samgönguframkvæmdum er því áhugaverð og þess virði að komist til framkvæmda.

Kostir þessa máls er að geta farið í framkvæmd á lengri vegköflum þar sem umferð hefur margfaldast með tilheyrandi sliti á vegum. Sérstaklega varðandi tengivegaverkefni þar sem umferð ferðamanna hefur aukist hvað mest og þeir væru í raun sem myndu greiða fyrir verkefni Fjármagn í tengivegasjóði og viðhaldssjóði Vegagerðar getur þá nýst til endurbóta og viðhalds á umferðarminni vegum og til úrbóta á öryggi þeirra.

Aðrir kostir eru að sveitarfélög og nærsamfélag fá hér aukin færi á að forgangsraða samgönguverkefnum í héraði, með sambærilegum hætti og samgöngusáttmáli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæði er við ríkið.

Vanda þarf hinsvegar feril við val á þeim vegköflum sem geta fallið að samvinnuverkefnum við umfjöllun um samgönguáætlun og hafa sérstakan undirflokk í áætluninni. Gæta þarf að er að þessi verkefni „hreinsi“ ekki upp fjármuni í tengjavegaverkefni og enn lengri bið yrði fyrir úrbætur annara vega. Gæta verður einnig að því að stýra framboði á verkefnum þannig ekki myndist umframeftirspurn eftir vegaf framkvæmdum og hækkun tilboða. Eins að sveitarfélög myndu gangi ekki of langt og setja á sig framtíðar kvaðir (freistnivandi).

Nefnd hafa verið dæmi í umræðu líklega veghluta sem ákvæði frumvarpsins næðu til s.s. vegur um Skógarströnd, Vatnsnesvegur og vegur um Bárðardal (tengt Sprengisandsleið). Vegkaflar á Vestfjörðum, sem gætu komið til álita væru s.s. vegur út á Látrabjarg og Rauðasand, vegur á Bolafjall og vegir út í Selárdal og út í Kaldalón svo eitthvað sé nefnt.

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga áskilur sér svo rétt til að koma að umfjöllun um frumvarpið síðari stigum.

f.h. Vestfjarðastofu.

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri